Umhverfisstofnun
Environment Agency of Iceland
Suðurlandsbraut 24
IS – 108 Reykjavík
Tel: +354 591-2000
Fax: +354 591-2020
www.umhverfisstofnun.is
ust@umhverfisstofnun.is

Akureyrarbær
Geislagötu 9
600 Akureyri

UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 10. mars 2017
UST201703-003/B.S.
10.04.03

**Efni: Deiliskipulag - Sandgerðisbót – umhverfisskýrsla. Umsögn**

Vísað er til bréfs Akureyrarbæjar dags. 27. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda deiliskipulagstillögu en markmið skipulagsbreytingarinnar er að laga lóðina að starfsemi fyrirhugaðrar hreinsistöðvar fráveitu.

Við mat á umhverfisáhrifum hreinsistöðvar benti Umhverfisstofnun á að óvíst er hvort sú aðgerð að dæla skólpi lengra frá landi muni hafa jákvæð áhrif á viðtakann nema að því marki að þynning mun aukast, en magn skólps sem ferð i viðtakann verður það sama og áður. Sjónmengun mun minnka frá því sem nú er vegna grófhreinsunar skólps. Á heildina litið telur Umhverfisstofnun að deiliskipulagsbreytingin muni hafa jákvæð umhverfisáhrif í för með sér.
Stofnunin gerir ekki athugasemdir við umrædda tillögu.

Virðingarfyllst

Björn Stefánsson
Sérfræðingur

Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur